

BORGARSTJÓRN 21. apríl 2020: Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um uppbyggingu hjúkrunarrýma í borginni - 20040143

Borgarstjórn samþykkir að hefja nú þegar viðræður við ríkið til að hefja stórfellda uppbyggingu hjúkrunarrýma í borginni.

Greinargerð:

Stefna stjórnvalda er að fólk búi heima eins lengi og mögulegt er. Þegar það er ekki lengur hægt þrátt fyrir stuðning getur fólk sótt um dvöl í hjúkrunarrými. Til að lágmarka þörf fyrir dvöl í hjúkrunarrými er öflug og fjölbreytt stuðningsþjónusta mikilvæg.

Tæplega 2700 hjúkrunarrými eru á landinu. Áætlað er að það vanti nú þegar um 300 hjúkrunarrými til viðbótar við þau hjúkrunarrými sem þegar hefur verið ákveðið að byggja. Þar af þarf um 150 hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðið. Ætla má að auk þess þurfi að bæta eða endurbyggja allt að 400 hjúkrunarrými til að mæta kröfum um bættan aðbúnað.

Öldrun þjóðarinnar er staðreynd og er hlutfall aldraðra nú 13% af íbúafjölda landsins. Áætlað er að árið 2060 verði þetta hlutfall 24% af íbúafjölda. Að auki þarf hjúkrunarrými fyrir geðfatlaða, fólk með heilabilun og aðra langvinna sjúkdóma óháð aldri.

Reykjavíkurborg verður að marka sér stefnu og sýna uppbyggingu hjúkrunarrýma í verki. Þau skilaboð verða að vera skýr svo ríkið viti að hverju það gengur. Að auki er brýnt að setja upp áætlun um uppbyggingu á næstu árum. Algjört áhugaleysi ríkir hjá meirihlutanum í þessum málaflakki.

Verði þessi tillaga samþykkt þá leysir hún í leiðinni fjölmörg hliðsett mál.

1. Fráflæðisvandinn á Landspítalanum minnkar og spítalinn getur þá farið að sinna þeirri þjónustu sem hann á að gera.
2. Með fjölgun hjúkrunarheimila stór minnkar sú hættu að farsóttir nái tókum á öldruðum sem annars væru inniliggjandi á Landspítalanum. Með aukinni dreifni úrræða er hægt að einangra hverja einingu.
3. Stórfelld uppbygging hjúkrunarheimila í Reykjavík er mjög atvinnuskapandi. Mikið ákall er nú hjá ríkinu að sveitarfélögin ráðist í mannaflsfræk verkefni vegna ástandsins sem nú ríkir vegna COVID-19.

Fjármögnun

Áætlaður kostnaður við byggingu hvers hjúkrunarrýmis með búnaði eru tæpar 40 milljónir króna. Hlutur sveitarfélaga eru í það minnsta 15% af heildarkostnaðarverði, ríkið/Framkvæmdasjóður aldraðra, leggur til 85% í það mesta. Ekkert í lögum bannar að hlutur sveitarfélaga sé hærri.

Við fjármögnun á byggingu hjúkrunarrýma hafa verið farnar þrjár leiðir þegar um ríkisframkvæmd er að ræða. Í fyrsta lagi með svokallaðri leiguleið. Þessi fjármögnunarleið hefur verið farin síðustu ár við byggingu 10 nýrra hjúkrunarheimila og var einungis hugsuð sem tímabundin fjármögnunarleið eftir fjármálahrunið. Sveitarfélög og ríki gerðu með sér samning þar sem sveitarfélögin sáu um framkvæmdina og greiddu 15% umsamins stofnkostnaðar en ríkið skuldbatt sig til að greiða 85% með jöfnum greiðslum í 40 ár. Hlutur ríkissjóðs er fjármagnaður af Framkvæmdasjóði aldraðra. Þessar greiðslur taka því upp

verulegan hluta af fjármagni Framkvæmdasjóðsins næstu 40 árin. Í öðru lagi hafa ríki og sveitarfélög staðið að byggingu hjúkrunarheimila með beinni fjármögnun. Sveitarfélög eiga lögum samkvæmt að leggja til framkvæmdarinnar að lágmarki 15% auk lóðar. Dæmi eru um að sveitarfélög hafi greitt meira. Hluttur ríkissjóðs hefur ýmist verið fjármagnaður með allt að 40% þátttöku Framkvæmdasjóðs aldraðra, sem flokkast sem ríkisframlag, og 45% á fjárlögum eða að fullu á fjárlögum sem er þá þriðja fjármögnunarleiðin. Hluttur ríkissjóðs í þeim framkvæmdum sem síðast fóru inn í framkvæmdaáætlunina eða 155 hjúkrunarrými er fjármagnaður á fjárlögum en ekki með aðkomu Framkvæmdasjóðsins þar sem aðrar skuldbindingar sjóðsins eru það miklar að þær takmarka getu sjóðsins.

Nú er rétti tíminn til að ráðast í þetta brýna verkefni. Okkur ber skylda sem höfuðborg landsins að vera í fararbroddi í þessum málaflokki. Reykjavík er lang stærsta sveitarfélagið og þar af leiðandi með lang stærsta hlutfall þeirra sem á þjónustunni þurfa að halda.